

Reykjavík 7. febrúar 2005

Til menntamálanefndar Alþingis

Efni: Svör við spurningum sem fram komu á fundi þann 2. febrúar 2005 um málefni Tækniháskóla Íslands og samruna hans við Háskólann í Reykjavík.

Mættir á fund nefndarinnar voru: Sverrir Sverrisson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Stefanía K. Karlsdóttir og Bjarki A. Brynjarsson.

Eftirfarandi eru svör við spurningum sem komu fram á fundi menntamálanefndar Alþingis og snúa að hinum nýja sameinaða háskóla HR og THÍ.

1. Tæknifræðinámið.

Lögð verður mikil áhersla á tæknifræðinámið í hinum nýja háskóla, m.a. með því að bjóða í fyrsta sinn hér á landi framhaldsnám til MSc í tæknifræði. Samtök iðnaðarins eru meðal hluthafa í nýja háskólafélaginu Hástoð hf. Samtökin hafa stutt mjög við tækninám í landinu og vilji nýja félagsins er að efla það. Háskólinn sér mikil tækifæri í að hlúa að tæknimenntun í landinu og auka áhuga nemenda á að sækja þetta nám í stærri og öflugri háskóla. Innheimta skólagjalda gerir skólanum kleift að efla námið enn frekar og það mun því styrkja stöðu háskólans í samkeppni við erlenda tækniháskóla. Kostnaður nemenda við að sækja nám erlendis er umtalsverður og við teljum að hófleg skólagjöld hér heima vegi þar lítið. Auk þess er æskilegt að hluti námsmanna sæki háskólanám erlendis eins og verið hefur.

Spurt var m.a. hvort verið væri að fækka námsgreinum í tæknifræði.

Efnislegt innihald allra námsbrauta í tæknifræði helst óbreytt, en áherslusvið verða skýrð. Þannig verður tölvu- og upplýsingatæknifræði t.a.m. færð undir rafmagnstæknifræði sem valsvið. Slík skipulagsbreyting er ekki til þess gerð að minnka vægi tæknifræðinámsins í sameinuðum háskóla nema síður sé. Eins og fram kemur í 5. lið síðar í skjalinu þá mun heilbrigðisdeild THÍ flytjast til Háskóla Íslands, þótt það hafi ekki verið að frumkvæði THÍ eða þeirra sem standa að nýjum sameinuðum háskóla.

Það vantar tæknimenntað fólk á Ísland og eitt af leiðarljósum nýja háskólans er að stuðla að tækniþróun og eflingu hátækniiðnaðar á Íslandi. Áhugi á sameiningu HR og THÍ er fyrst og fremst komin til vegna áhuga á að efla tækni- og verkfræðimenntun í landinu og búa til stærri og öflugri háskóla. Bjarki A.

Brynjarsson, núverandi deildarforseti tæknideildar Tækniháskóla Íslands verður deildarforseti tækni- og verkfræðideildar sameinaðs háskóla sem mun tryggja góða samfellu í náminu og jákvæða þróun þess.

Spurt var um hlutfall milli tæknifræðimenntaðra og verkfræðimenntaðra hér á landi og annars staðar.

Hvert hlutfallið á milli tækni- og verkfræðimenntaðra á að vera er ekki gott að segja en atvinnulífið kallar eftir fólki með mismunandi bakgrunn og menntun og því er mikilvægt að leggja áherslu á tæknifræði við hinn nýja háskóla. Aðalatriðið er að í landinu eru bæði alltof fáir verkfræðingar og of fáir tæknifræðingar, mun færri en á hinum Norðurlöndunum. Hér eru innan við 10% háskólastúdenta útskrifaðir ár hvert úr tækni- og verkfræðigreinum en hlutfallið er tvöfalt það víða á Norðurlöndunum og nær þrefalt í Finnlandi. Eðlilegar skýringar hafa verið á þessu þegar litið er til þess hverjar hafa verið helstu útflutningsgreinar Íslendinga. Í framtíðinni munum við á hinn bóginn sjá æ meiri nauðsyn þess að byggja upp þekkingariðnað og íslenskt hugvit sem undirstöðu atvinnuveganna. Slík þróun kallar á hærra hlutfall verk- og tæknimenntaðs fólks á Íslandi en verið hefur.

2. Rannsóknarstofnanir.

Háskólastarfsemi snýst ekki bara um kennslu heldur einnig um rannsóknir og samstarf við rannsóknarstofnanir er því mikilvægt. THÍ hefur átt mjög gott og farsælt samstarf við rannsóknarstofnanir og hefur gert samstarfssamninga við löntæknistofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Íslenskar orkurannsóknir. Nýr háskóli yfirtekur og fylgir samstarfinu áfram og fyrirætlanir eru um enn meira og markvissara samstarf. Samstarf milli háskóla og rannsóknarstofnana getur leitt til bættrar nýtingar fjármagns og betri árangurs. Eitt af markmiðum nýja háskólans er að auka rannsóknir á sviði tæknifræði og verkfræði í nánú samstarfi við rannsóknarstofnanir. Það er mjög mikilvægt að framtíðarhúsnæði og staðsetning háskólans leyfi náð samstarf og jafnvel sambýli við rannsóknarstofnanir. Stærri og fjárhagslega styrkari háskóli opnar ný tækifæri á þessu sviði.

Með því að reka háskóla sem er nátengdur atvinnulífinu eru góðir möguleikar á að eiga farsælt samstarf við rannsóknarstofnanir atvinnuveganna og leggja þannig enn traustari grunn að frekari uppbyggingu íslensks atvinnulífs.

3. Frumgreindadeild.

Greiðslur vegna menntunar nemenda í frumgreinadeild verða svipaðar frá ríkinu og verið hefur og háskólinn mun sinna þessu námi með sama hætti og var í THÍ. Skólagjöld verða ekki innheimt í frumgreinadeild, deildin er í raun ekki eins og háskóli, í því námi eru ekki stundaðar rannsóknir heldur einungis lögð áhersla á góða kennslu.

Þeir nemendur sem hafa þegar innritað sig í frumgreinadeild eru nú í viðræðum við forsvarsmenn sameinaðs háskóla. Viðræðurnar ganga út á að finna skynsamlega lausn á skólagjaldamálum hópsins þegar hann hefur nám í háskóladeildum. Tekin hefur verið ákvörðun um að ganga eins langt og hægt er til að mæta kröfum þessa hóps um niðurfellingu skólagjalda þeirra núverandi frumgreinadeildarnema sem innritast munu í kjölfar frumgreinadeildarnáms í nýjan háskóla - vilji beggja er að ná viðunandi niðurstöðu í málinu.

Það skiptir miklu máli fyrir hinn nýja háskóla að halda áfram að bjóða upp á frumgreinanámið, sem hefur verið uppspretta nemenda í THÍ. Sérstaklega er um að ræða að bjóða frumgreinadeildarkennslu fyrir áhugasama einstaklinga sem lokið hafa iðnnámi og þá sem af einhverjum ástæðum hafa hætt námi, en hafa metnað og vilja til að bæta við sig þekkingu í stærðfræði og í öðrum greinum. Það er því mikið hagsmunamál háskólans að halda frumgreinanáminu sem sterkustu og að hið opinbera haldi áfram stuðningi við það.

4. Hver greiðir skólagjöld vegna núverandi THÍ nemenda sem flytjast í nýjan háskóla? Spurt var um hvort sérstakur samningur væri við menntamálaráðuneytið vegna þessara nemenda um skólagjöldin.

Háskólanemar í THÍ hafa greitt innritunargjöld en ekki skólagjöld. Þegar nýr háskóli tekur til starfa munu þeir stúdentar sem nú þegar eru í háskólanámi í THÍ halda áfram að greiða gjöld sem eru í takt við þau innritunargjöld sem ríkisháskólar innheimta. Þannig halda þessir nemendur áfram námi án þess að greiða svokölluð skólagjöld. Menntamálaráðuneytið hefur enga samninga gert um greiðslu skólagjalda fyrir þessa nemendur.

5. Hvað verður um heilbrigðisdeildina ?

Þrýstingur hefur verið frá stéttarfélögum meinatækna og geislafræðinga á að flytja heilbrigðisdeild THÍ yfir til Háskóla Íslands. Þessi umræða er ekki ný af nálinni. Hí muni taka þetta nám yfir í fullri sátt við THÍ og aðra sem að málinu koma. Því er ekki gert ráð fyrir núverandi námsbrautum í heilbrigðisgreinum innan hins nýja skóla. Það skal þó ítrekað að flutningur þessa náms er hvorki að frumkvæði THÍ né hins sameinaða háskóla.

6. Hvað með tímarammann og starfsmenn ?

Mikilvægt er fyrir nýjan sameinaðan háskóla að geta gengið til verka sem allra fyrst og kynnt fyrirhugað námsframboð. Slíkt eyðir óvissu um 2.300 stúdentar og hátt í 200 starfsmanna. Mörgum spurningum þarf að svara um námsframboð og fleira og því er mikilvægt að hægt verði að kynna sameinaðan skóla sem fyrst.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að sameining verði í sumar en nú þegar eru stúdentar að skipuleggja næstu önn.

Lögð verður áhersla á að tryggja sem best réttindi stúdenta og starfsmanna í samrunaferlinu. Engum starfsmanni verður sagt upp störfum við þennan samruna. Hinn nýi háskóli þarf á öllum starfskröftum núverandi háskóla að halda og meira til, enda verða fleiri starfsmenn ráðnir til starfa.

Stjórnarformaður hins nýja háskóla hefur tilkynnt starfsmönnum THÍ að allir fái samning við skólann. Því er mikilvægt að þetta ferli haldist í hendur, þ.e. samningar við hinn nýja skóla og uppsögn, og að ekki myndist óvissutími meðal starfsmanna.

Samkvæmt frumvarpi um niðurlagningu THÍ er gert ráð fyrir að það verði þann 30. júní. Gert er ráð fyrir að öllum starfsmönnum THÍ verði tilkynnt þann 31. mars 2005 að niðurlagning skólans jafngildi uppsögn. Hinn nýi háskóli hefur skuldbundið sig til að taka við öllum THÍ starfsmönnum til starfa hjá hinum sameinaða háskóla. Sama á við um HR starfsmenn þeir munu hætta starfi hjá HR og verða starfsmenn sameinaðs háskóla, ekki er heldur gert ráð fyrir að nokkrum HR starfsmanni verði sagt upp störfum.

7. Hvernig verður samstarfi við framhaldsskólana háttað ?

Samstarf við framhaldsskóla þarf að efla. Framundan er öflugt kynningarstarf meðal starfsmanna og stjórnenda framhaldsskóla landsins. Meðal þess sem tekið verður fyrir er athugun á hvernig samstarfi nýja skólans og framhaldsskólanna skuli háttað, hvernig því verði best fyrir komið.

8. Hvers vegna var hlutfélagiformið valið fram yfir sjálfseignarstofnun ?

Reynsla okkar og kynni af þessum tveimur formum hefur sannfært okkur um að hlutfélagiformið sé almennt heppilegra, þó alls ekki beri að gera lítið úr sjálfseignarstofnunum. Hlutfélagalöggjöf gerir ráð fyrir að hægt sé að stofna félag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni, en svo er gert í annarri grein stofnsamþykktu hins nýja félags sem ætlað er að reka sameinaðan háskóla. Þar kemur fram að hlutverk félagsins er ekki að afla hluthöfum þess fjárhagslegs ávinnings af rekstri, heldur rennur hugsanlegur hagnaður til frekari uppbyggingar starfseminnar.

Félagsformið tengist ekki hagnaðarmarkmiðum

Margir tengja saman félagsform annars vegar og hagnaðarmarkmið hins vegar. Það er ekkert sem segir til um það að sjálfseignarstofnun geti ekki eða eigi síður að skila hagnaði en hlutfélag. Gert er ráð fyrir í lögum að hagnaður sjálfseignarstofnunar renni til starfseminnar sjálfrar eða þess málefni sem hún starfar fyrir. Félagiformið hlutfélag þarf ekki heldur að skila eigendum sínum

beinum fjárhagslegum ávinningi. Erlendis kallast þetta „non-profit-organizations“ og e.t.v. vantar okkur betri löggjöf á þessu sviði. Þess vegna hefur hlutafélagalöggjöfin verið aðlöguð að þessu. Nefna má aðra menntastofnun sem er hlutafélag og það er Menntafélagið ehf. sem rekur Stýrimannaskólann og Vélskólann. Þessi hlutafélög Menntafélagið ehf. og Hástoð ehf. sem mun reka hinn sameinaða háskóla hafa samkvæmt lögum (samþykktum) félaganna, ekki heimild til að greiða eigendum sínum arð eða veita þeim á nokkurn annan hátt beinan fjárhagslegan ávinning. Ef fjárhagslegur afgangur verður af rekstrinum skal hann renna til starfsemi viðkomandi menntastofnunar. Fjárhagslega séð þarf því enginn munur að vera á þessum tveimur rekstrarformum, hlutafélagi og sjálfseignarstofnun.

Kostir hlutafélagformsins

Háskólinn í Reykjavík (HR) hefur reynslu af sjálfseignarstofnunarforminu. Það hefur einmitt komið í ljós við þann rekstur að sjálfseignarstofnunarformið er ekki í öllum tilvikum hentugt, þótt tekist hafi að sneiða hjá göllunum. Það hefur tekist í tilviki HR vegna þess að Verslunarráð Íslands hefur eitt verið staðfastur bakhjarl háskólans og tekið á sig fulla ábyrgð og forystu. Framkvæmdastjórn Verslunarráðsins hefur sinnt hlutverki sínu vel og tryggt það að háskólaráð HR var vel skipað. Lög um sjálfseignarstofnanir gera aftur á móti ráð fyrir að enginn eigi sjálfseignarstofnanir og þær geta því orðið munaðarlausar og stjórnast einvörðungu af starfsmönnum. Hugafarið á bak við sjálfseignarstofnun er nánast það að þegar einhver hefur stofnað hana og lagt fram peninga í stofnfé þá sé afskiptum viðkomandi ekki óskað frekar. Það er afar ábyrgðarlaust að reka háskóla með þeim hætti, sérstaklega þegar hlutverk háskólans er að styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og taka að sér veigamikið hlutverk á háskólastigi með samruna HR og Tækniháskóla Íslands (THÍ).

Þegar fleiri aðilar verða bakhjarlar sameinaðs háskóla HR og THÍ og leggja fram fjármuni er eðlilegt að nota hlutafélagiformið. Þannig er tryggt að allir hafi aðkomu að stjórn og eigi sinn hlut og skyldur í þessu félagi. Einnig er ljóst hvar ábyrgðin liggur. Að öðru leyti er engin breyting á starfsemi eða stjórnun skólans nema ábyrgð bakhjarlanna er skýrari og þar með sá stuðningur sem veittur er. Þegar nýr háskóli þarf að ráðast í fjárfestingar í nýju húsnæði, tækjabúnaði og rannsóknum, þá er ómetanlegt að hafa „eigendur“ sem axla ábyrgð. Það skiptir t.d. lánveitendur miklu máli og getur haft áhrif á lánakjör.

Akademísku frelsi ekki ógnað með breyttu rekstrarformi

Eitt atriði hefur verið nefnt sem rök fyrir því að hlutafélagiformið henti ekki og það er að það geti eyðilagt akademískt frelsi. Gunnar Karlsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands hefur í erindi fjallað um akademískt frelsi og segir þá m.a.: „Ef við lítum á málin frá sjónarmiði hvers einstaks háskólakennara má segja að einkum tveir aðilar geti lagt hömlur á frelsi hans. Annars vegar eru það stjórnvöld,

Það ríkisvald sem setur okkur lög og reglugerðir, og – í tilfalli ríkisháskóla – veitir okkur rekstrarfé. Hins vegar er það háskólasamfélagið sjálft sem ákvarðar hvað beri að kenna og hvað beri að meta sem marktækar rannsóknir, fræðslu eða þjónustu.“

Í raun verður engin breyting á akademísku frelsi Háskólans í Reykjavík, sem rekin var sem sjálfseignarstofnun með Verslunarráð Íslands sem bakhjarl, við sameiningu HR og THÍ þar sem Samtök atvinnulífsins og Samtök Iðnaðarins bætast við sem bakhjarlar og hluthafar í félagi um rekstur háskólans.

Það sem skiptir máli er hvernig háskólaráðin starfa. Hlutverk háskólaráðs er að móta stefnu fyrir háskólann og veita síðan skólanum stuðning, aðhald og eftirlit, þannig að hann ræki hlutverk sitt af kostgæfni. Hvað varðar Háskólann í Reykjavík þá sér framkvæmdastjórn skólans, sem er skipuð rektor, deildarforsetum og framkvæmdastjóra um öll mál sem snúa að daglegri starfsemi. Það breytir engu hvort um hlutafélag eða sjálfseignarstofnun er að ræða. Þar ríkir akademískt frelsi til kennslu, þekkingarleitar, rannsókna og þar ríkir ekki utanaðkomandi þrýstingur. Það er aftur gríðarlega mikilvægt að hafa háskólaráð sem stuðningsaðila með reynslu og þekkingu úr hinum mismunandi greinum íslensks atvinnulífs. Hlutverk háskólaráðs er aftur á móti ekki að hlutast til um innri málefni, skoðanaskipti og ágreining um akademísk málefni.

Niðurstaðan var því sú að hlutafélagiformið sé heppilegra rekstrarform fyrir háskóla sem er með marga bakhjarla og þarf stuðning þeirra og þá sérstaklega meðan ekki er til sérstök löggjöf um almenn félög þar sem fjárhagslegur ágóði eigendanna er ekki höfuðmarkmið.

9. Fulltrúar starfsmanna og nemenda í háskólaráði.

Hlutverk háskólaráðs er m.a. að ákvarða námsframboð og móta framtíðarstefnu fyrir háskólann og veita honum stuðning, aðhald og eftirlit þannig að hann ræki hlutverk sitt af kostgæfni. Í störfum sínum getur háskólaráð fengið starfsmenn og nemendur til ráðgjafar eftir því sem við á hverju sinni. Lögð er áhersla á að gott upplýsingaflæði sé frá framkvæmdarstjórn til nemenda og starfsmanna og öfugt þannig að báðir hópar geti komið á bændingum og óskum til háskólaráðs í gegnum framkvæmdarstjórn. Þessi háttur hefur verið viðhafður í HR frá stofnun skólans og ekki verið gagnrýndur, hvorki af nemendum né starfsmönnum.

Unnið er að útfærslu innra skipulags háskólans. Skipulagið gerir ráð fyrir skilvirkri stjórnun rekstrar þannig að fjármunir nýtist sem best samhliða því að fagleg gæði náms og rannsókna er tryggt. Innan deilda eru deildarfundir og deildarráð með aðkomu starfsmanna og nemenda sem veita aðhald og stuðning við faglegt starf þeirra.

10. Framtíðarsýn.


Það er hagsmunamál þjóðarinnar að fjölga nemendum í tækni- og verkfræðigreinum. Með því að auka framboð verkfræðigreina á helstu vaxtarsviðum, má ætla að hægt verði að fjölga í þeim hópi sem stefnir í slíkt nám. Líklegt er að tímabundnar sveiflur verði í spurn eftir tilteknum námsbrautum og er þá mikilvægt að uppbygging náms og starfsemi sé sveigjanleg og geti tekið mið af slíkum sveiflum án þess að vegið sé að gæðum námsins.

Stjórnendur hins nýja háskóla hafa umtalsverða reynslu af rekstri og stjórnun háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja og gera sér fulla grein fyrir nauðsynlegum rekstrarforsendum slíkrar starfsemi. Þess ber að geta að í uppbyggingu hins nýja háskóla er háþörf hagnaðar ekki markmið og verður hugsanlegur rekstrarafgangur því nýttur til frekari uppbyggingar starfseminnar.

Það er hinum nýja háskóla og hagsmunaaðilum hans afar mikilvægt að hann geti hafið formlegt starf og kynnt námsframboð hið fyrsta. Þetta á meðal annars við um núverandi nemendur og starfsmenn, ásamt verðandi nemendum skólans. Núverandi stúdentar og starfsmenn HR og THÍ upplifa óvissu sem nauðsynlegt er að eyða sem allra fyrst.

Þjóðfélagið mun taka æ örari breytingum á næstu árum. Það verður okkur nauðsynlegt að stefna ákveðið í átt til umhverfis þar sem þekking, færni, hugvit og verk- og tæknimenntun verður undirstaða góðra lífskjara. Nýr háskóli hefur þar hlutverki að gegna.

f.h. fundarmanna frá HR og THÍ sem mættu á fund menntamálanefndar þann 2. febrúar 2005


Guðfinna S. Bjarnadóttir